



USK24010019

Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Ár 2024, mánudaginn 1. júlí kl. 10.30 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 22. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 3. hæð, Saltvík. Fundinn sátu: Bjarni Rúnar Ingvarsson og Edda Ívarsdóttir
Fundarritari var Natan Freyr Guðmundsson

Þetta gerðist:

1. Tillaga um skammtíastæði við Klapparstíg

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð

- Að bifreiðastæði við Klapparstíg 3 hafi 15 mínútna hámarkstíma

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

2. Dugguvogur – sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Dugguvog verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 10.39
Bjarni Rúnar Ingvarsson

Edda Ívarsdóttir



Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 24. júní 2024
USK24010001

TILLAGA

Tillaga

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð

- Að bifreiðastæði við Klapparstíg 3 hafi 15 mínútna hámarkstíma

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:


Á jarðhæð meðfram Skúlagötu, við Klapparstíg 3 og Skúlagötu 10, er rekstur, þ.m.t. bakarí. Eins og gefur að skilja dvelja gestir þess stutt, og mörg sem eru þar í þeim eina tilgangi að ná í veitingar. Það er því mikið í húfi fyrir viðkomandi rekstraraðila að laus bifreiðastæði séu í grennd við svæðið. Bílastæðin í grenndinni eru á gjaldsvæði 3, en þrátt fyrir það er töluvert um ökutæki sem lagt er í lengri tíma á svæðinu.

Með þessari tillögu er lagt til að eitt stæði við Klapparstíg 3 verði gert að skammtímastæði, þar sem leggja má að hámarki í 15 mínútur í senn. Slík aðgerð myndi auðvelda aðgengi að verslun og þjónustu á svæðinu sem og aðra sem eiga erindi að svæðinu til skamms tíma.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Natan Freyr Guðmundsson
sérfræðingur
Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Hjálagt: Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri staðsetningu stæðisins og umferðarmerkjum



Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri staðsetningu stæðisins og umferðarmerkjum



Viðtakandi: Samgöngustjóri
Sendandi: Deild borgarhönnunar

Reykjavík, 27. júní 2024
USK24010001

TILLAGA

Dugguvogur – sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Dugguvog verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.


Greinargerð:

Í þessari tillögu er lagt til að samþykkt sé að merkja eitt bifreiðastæði í Dugguvogi sem stæði fyrir hreyfihamlaða. Slík aðgerð myndi bæta aðgengi að svæðinu og nærliggjandi húsum. Fjöldi bifreiðastæða fyrir hreyfihamlaða vegna uppbyggingar í hverfinu er í samræmi við byggingarreglugerð, hér er verið að leggja til viðbótar bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða enda þónokkur almenn bifreiðastæði meðfram götukanti.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Edda Ívarsdóttir
Deildarstjóri borgarhönnunar

Hjálagt: Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri staðsetningu umferðarmerkis



Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri staðsetningu umferðarmerkis